

Yfirskrift	Fundargerð stjórnar FFR				
Stjórnarfundur nr. 6 2015	6	Dagsetning	18. desember 2015	Tími	11:30 – 13:00
Fundarstaður	Hannesarholt við Grundarstíg				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, KLÁ, HÓS, ISS, MH, GSB, BE, SLB.				
Fylgiskjöl					
Vistun gagna	ISS				

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var ekki lögð fram, en send í tölvupósti á stjórn.

2. Kjararáð - eftirfylgni

Kjararáð úrskurðaði um almenna launahækkun til þeirra sem sem undir ráðið heyra þann 17. nóv. s.l. Í úrskurðinum kemur fram að samið hafi verið um laun og starfskjör bæði á almennum vinnumarkaði og við opinbera starfsmenn og að ríkið hafi lokið kjarasamningum við flesta viðsemjendur sína. Því telji Kjararáð að meginlínur samninga séu orðnar það skýrar að það geti úrskurðað um almenna launahækkun. Ákvörðun Kjararáðs var að laun þeirra sem undir ráðið heyra skuli hækka um 9.3% frá og með 1. mars 2015 en einingur verða einnig hækkaðar 1. desember 2015.

3. Morgunverðarfundir FFR 2016

Rætt um hugsanlega fundi og námskeið á vorönn 2016. Fram hefur komið beiðni frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um fund varðandi nýja kjarasamninga sem væri sérstaklega hugsaður fyrir forstöðumenn og fjármálastjóra, en þar verði farið yfir útfærslur á hækkunum vegna nýrra samninga. Rætt var um að þetta verði n.k. vinnufundur og dagsetningin 19. janúar hefur verið nefnd. BK ræðir við Sjöfn hjá Stofnun stjórnslufræða og stjórn mála.

4. Önnur mál

Rætt var um ýmis mál varðandi starfsumhverfi forstöðumanna.

Verkefni sem leiða af fundinum

Verkefni	Úthlutað til Ábyrgð/pátttaka	Ljúka fyrir
Undirbúa fund í janúar og ræða við Sjöfn	BK	05.01.2016